

**Ed.**

### **743. Frumvarp**

til laga um bréyting á lögum nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum gufuskipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

#### **1. gr.**

2. grein laganna orðist svo:

Sá einn, er öðlazzt hefir vélgæzluskirteini, á rétt til að vera undirvéltjóri á íslenzku gufuskipi með 300 ha. vél (indiseret) og minni.

Skirteinið öðlast sá einn, er:

- a. hefir staðizt vélgæzlupróf eða véltjórapróf í véltjóraskóla Reykjavíkur.
- b. hefir stundað járnsmíði í 3 ár og verið kyndari í eitt ár eða verið aðstoðarmaður í vél eða véltjóri með undanþágu í 3 ár og hefir meðmæli smíða þeirra eða véltjóra, er hann hefir unnið með,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svivirðilegt telst að almenningsáliti.

Ráðherra setur reglugerð um, hvernig vélgæzlukennslunni skuli háttað og um vélgæzluprófið og prófskilyrði.

#### **2. gr.**

3. gr. laganna orðist svo:

Sá einn, er fullnægir skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr. laga þessara, og hefir verið undirvéltjóri á gufuskipi með meira en 75 ha. vél (indiseret) í eitt ár, á rétt til að vera yfirvéltjóri á gufuskipum með 300 ha. vél og minni. Hið sama er um þá, er hafa verið véltjórar með undanþágu á gufuskipum, ef þeir hafa staðizt próf í véltjóraskólanum eða vélgæzludeild hans.